



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Upp úr öldudalnum

Efnahagur lítilla og meðalstórra fyrirtækja á  
verðbólgu tímum og í ljósi glímunnar við  
COVID-19

Unnið af Reykjavík Economics fyrir Íslandsbanka



## Efnisyfirlit

1. Samantekt
2. Yfirlit yfir viðskiptahagkerfið
3. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru hryggjarstykki hagkerfisins
4. Nýsköpun
5. Hringrásarhagkerfið og LMF
6. Skattbyrði LMF í Evrópu í samanburði við stórfyrirtækin
7. Skattaumhverfi LMF á Íslandi og í Evrópu
8. Staða kvenna í viðskiptalífinu
9. Stuðningsaðgerðir í COVID-19 faraldrinum
10. Blikur á lofti í hækkandi vaxtaumhverfi



# Lítill og meðalstór fyrirtæki eru driffjöður hagkerfisins

Samantekt og helstu niðurstöður úr ársreikningum LMF árið 2021

- Ársreikningar LMF sýna að fyrirtæki náðu ásættanlegum rekstrarárangri á árinu 2021. Greiningin sýnir V-laga viðsnúning í rekstri eftir erfitt COVID-19 árið 2020. Yfir tíma hefur rekstur og efnahagur LMF batnað verulega frá erfiðleikatímabili sem stóð í nokkur á eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna.
- Þrátt fyrir þetta er hagnaðarhlutfall fyrirtækja af rekstrartekjum um 16,1% á árinu 2021 að undanskildum heilbrigðisgeiranum. Þetta mikill viðsnúningur frá árinu 2020 þegar sama hagnaðarhlutfall 5,1%.
- COVID-19 virðist hafa aukið hagnað fyrirtækja í heilbrigðisgeiranum.
- Þegar horft er til efnahags LMF þá er eiginfjárlutfall hæst bálknum sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi. Að jafnaði er eiginfjárlutfallið 32,2%% meðal fyrirtækja með rekstrartekjur á milli 250 og 500 milljónir króna. Meðal eiginfjárlutfall hjá LMF á árinu 2021 var 36,5%.
- Handbært fé er ákveðin vísbending um fjárhagslegan styrkleika fyrirtækja. Þó að það hafi vaxið lítillega að nafnvirði á undanförunum árum má ekki mikið út af bregða í rekstri einstakra fyrirtækja þannig að illa geti farið. Fyrirsjáanlegur aukin rekstrarkostnaður á næstu misserum vegna verðlagshækkana og launaskriðs gæti verið ljár í þúfu margra fyrirtækja.
- Velta má fyrir sér hvort tími hagræðingar sé runninn upp þar sem minni fyrirtæki sameinist eða fari í samstarf innan ramma samkeppnislaga og -reglna. Löggjafinn þarf að öllum líkindum að rýmka veltuviðmið til að samruni fyrirtækja LMF getið gengið snurðulaust fyrir sig.
- Samstarf fyrirtækja t.d. í tæknigeiranum gæti verið æskilegt. Horfa má til hinnar miklu uppbyggingar sem er í eldi hér á landi en þar eru íslensk fyrirtæki mörg hver með einstaka lausnir en geta ekki boðið heildstæða lausn eins og erlendir samkeppnisaðilar. Þetta þarf að hafa í huga þegar horft er til þess að oft kemur samkeppnin að utan án þess að það sé endilega fyrirsjáanlegt.



97,1% fyrirtækja voru með undir  
500 milljón kr. veltu árið 2021

Hlutfall LMF í heildarveltu  
fyrirtækja var 27,5% árið 2021



97,6% fyrirtækja í  
viðskiptahagkerfinu voru með 49  
starfsmenn eða færri árið 2021

Innan við 400 fyrirtæki eru með  
49 starfsmenn eða fleiri í  
viðskiptahagkerfinu



## Skilgreiningar og hugtök

Skilgreining Evrópusambandsins á litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Gerð fyrirtækja	Fjöldi stöðugilda	Árstekjur	eða	Efnahagsreikningur
<b>Meðalstórt fyrirtæki</b>	< 250	≤ € 50 m (kr. 7,4 ma.)	eða	≤ € 43 m (kr. 6,4 ma.)
<b>Lítill fyrirtæki</b>	< 50	≤ € 10 m (kr. 1,5 ma.)	eða	≤ € 10 m (kr. 1,5 ma.)
<b>Örfyrirtæki</b>	< 10	≤ € 2 m (kr. 296 millj.)	eða	≤ € 2 m (kr. 296 millj.)


- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) skilgreinir fyrirtækjaflokka í örfyrirtæki, lítill fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki. Öll stefnumótun ESB í málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) miðast við ofangreinda flokka.
- Þessir flokkar ná ekki til fjármálafyrirtækja.

- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Evrópu – Eurostat eru um 99% allra fyrirtækja ör- eða lítill. Það er með færri 49 starfsmenn. Um 48,5% alls vinnuafls eru starfandi hjá þessum fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki skapa 35,4% af vinnsluvirði (e. value added) evrópska hagkerfisins.

- Meðalstór fyrirtæki eru 0,9% allra fyrirtækja og um 15,7% vinnuafls er starfandi hjá þeim. Vinnsluvirði nam um 17,1%.
- Stórfyrirtæki (e. Large Scale Enterprises) eru einungis 0,2% allra fyrirtækja en 35,7% vinnuafls starfa hjá slíkum fyrirtækjum. Vinnsluvirðið af starfsemi þeirra nemur um 47,5%.
- Upplýsingar m.v. rekstrarárið 2020.



## Fyrirtækjahagkerfi Evrópusambandsins árið 2020





# Skilgreining LMF á Íslandi

Íslenskum LMF er skipt í þrjá undirflokkva

- Við vinnslu skýrslunnar var ákveðið að notast við eftirfarandi **séríslenska** skilgreiningu á LMF í samráði við Skattinn:
- **Stór fyrirtæki:** Velta yfir 500 milljónir króna á ári.
- **Meðalstór fyrirtæki:** Velta á bilinu 100– 500 milljónir króna.
- **Lítill fyrirtæki:** Velta á bilinu 25 – 100 milljónir króna.
- **Örfyrirtæki:** Velta á bilinu 5 – 25 milljónir króna.
- Ef sama skilgreining væri notuð hér á landi og í ESB þá væru flest fyrirtæki flokkuð sem örfyrirtæki. Vegna þessa er kynnt til sögunnar sérstök skilgreining þar sem ofangreind tafla er aðlöguð íslenskum aðstæðum.
- Skilgreining ESB gefur til kynna að meginþorri fyrirtækja á Íslandi væru með veltu undir meðalstóru evrópsku fyrirtæki.
- Fjárhagsupplýsingar um rúmlega 20 þúsund fyrirtæki voru fengnar frá Skattinum. Nánar tiltekið fyrirtæki með kr. 5–500 milljónir í rekstrartekjur. Fyrirtæki með undir 5 milljón króna veltu eru fjölmörg og gefa ekki góða mynd af rekstrarumhverfi LMF.
- Heildarfjöldi skráðra fyrirtækja á Íslandi eru 35 þúsund skv. tölum Hagstofu Íslands.





Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Yfirlit yfir viðskipta- hagkerfið






# Viðskiptahagkerfið taldi um 35 þúsund fyrirtæki árið 2021

Fyrirtækjum fjölgaði um 1,5% frá árinu á undan en um tæplega 10% frá árinu 2016

Skilgreining: Viðskiptahagkerfið samanstendur af öllum fyrirtækjum að undanskilinni lyfjaframleiðslu, sorphirðu, fjármála- og váttryggingastarfsemi

(ÍSAT nr. 03-20, 22-37, 39-63, 68-82, 95-96)

## Heildarfjöldi fyrirtækja í viðskiptageiranum (vinstri ás) og breyting milli ára (hægri ás)






# Samtals unnu um 114 þúsund launþegar í viðskiptahagkerfinu

Starfsfólki fjölgaði lítillega milli ára 2020 og 2021. Umtalsverð fækkun launþega frá árinu 2018


## Fjöldi launþega í viðskiptahagkerfinu





## Hlutdeild almenna vinnumarkaðarins



Hlutdeild þeirra er vinna hjá hinu opinbera, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum hefur farið vaxandi frá árinu 2017





## Innflytjendur eru rúmur fimmtungur vinnuafls

Hlutverk innflytjenda í hagkerfinu er hefur orðið æ mikilvægara á undanförunum árum. Rúmlega 43 þúsund innflytjendur voru á vinnumarkaði árið 2022






## Laun á Íslandi eru með þeim hæstu innan OECD ríkjanna

Næststærsti hópur vinnuafis á Íslandi er af pólskum uppruna. Þar í landi eru meðalárslaun 46,6% af íslenskum launum. Þá er ekki tekið tillit til framfærslukostnaðar

Aðferðafræði: VLF og vinnutími í hverju landi. Grunnár er 2016 reiknað í bandaríkjadólar






# Kaupmáttur launa á Íslandi í samanburði við valin lönd

Ísland stendur vel að vígi

Heimild: OECD







## Viðsnúningur vexti tekna og launakostnaðar árið 2021

Erfiðleikar hafa verið í rekstri fyrirtækja, fyrst í hruninu og svo vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Launakostnaður fyrirtækja lækkaði í COVID-19

Hlutfallsleg breyting í heildartekjum allra fyrirtækja á föstu  
verðlagi ársins 2021



Hlutfallsleg breyting í launakostnaði allra fyrirtækja á föstu  
verðlagi ársins 2021






# Stærstu fyrirtæki landsins juku veltu sína verulega frá 2019

COVID-19 hafði mikil áhrif á rekstrartekjur allra veltubila en viðsnúningurinn var verulegur á árinu 2021

## Heildarvelta allra fyrirtækja á Íslandi eftir tekjubílum – milljarðar króna








# Fyrirtækjahagkerfi Ísland árið 2021

Stórfyrirtæki ásamt ör- og smáfyrirtækjum greiða 83,6% allra launa á Íslandi





Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja




# Lítill og meðalstór fyrirtæki eru hryggjarstykkki hagkerfisins



# Meginþorri LMF voru með veltu undir 50 milljónum króna

Stærsti bálkur fyrirtækja eru með rekstrartekjur á bilinu 10-25 milljónir króna

## Fjöldi fyrirtækja samkvæmt stærðarflokkum





## Hagfræðilegir og samfélagslegir ábatar LMF eru margir

**1** LMF eru hryggjarstykki raunhagkerfisins jafnt á Íslandi sem og í öðrum löndum

**2** Meginþorri nýstofnaðra fyrirtækja hefja rekstur sem smáfyrirtæki áður en þau vaxa í stærri skipulagseiningar

**3** LMF spretta oft upp út frá nýjungum í vöru- eða þjónustuframboði eða jafnvel út frá uppfinningu eða nýju viðskiptalíkani

*Skapa atvinnu með lítilli fjárbindingu  
Mikilvægt framlag til vergrar  
landsframléiðslu (VLF)*

*Sveigjanleiki til að aðlagast að breyttum  
markaðsaðstæðum  
LMF eru farvegur frumkvöðlastarfs*

*Styðja vel við stærri fyrirtækjasamstæður  
Starfa oft á markaðssyllum sem eru ekki  
hagfelldar stórfyrirtækjum*


... ásamt því að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika




# Flest LMF staðsett í Reykjavík

...en töluverð hlutfallsleg fjölgun fyrirtækja á Reykjanesi

Fjöldi lítilla og meðalstóra fyrirtækja á landsvísu eftir  
skattumdæmum



Hlutfall lítilla og meðalstóra fyrirtækja á landsvísu







## Byggingariðnaður stærstur innan LMF

Rekstur tengdur uppbyggingu og sölu fasteigna bera upp rúmlega þriðjung rekstrartekna LMF á árinu 2021

### Hlutdeild LMF eftir fjölda fyrirtækja í hverri atvinnugrein – tíu stærstu




### Hlutdeild LMF eftir rekstrartekjum fyrirtækja í hverri atvinnugrein – tíu stærstu





## LMF í byggingariðnaðinum hefur fjölgað um 455 frá 2018

Milli árana 2018 og 2021 voru flest fyrirtæki stofnuð í bálknum „Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“ sem og „Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi“






## Heilbrigðisgeirinn hefur vaxið mikið frá 2018 til 2021


Mikið álag var á heilbrigðisgeirann í COVID-19. // Mest aukning hefur átt sér stað í atvinnuflokknum félagsamtök eða um 22%. // Færri LMF innan framleiðslugeirans.

### Hlutfallsleg breyting rekstrartekna innan atvinnubálka LMF milli ára 2018 og 2021



Einungis atvinnubálkar með yfir 100 fyrirtæki innanborðs

### Hlutfallsleg breyting á fjölda LMF innan atvinnubálka milli ára 2018 og 2021




Einungis atvinnubálkar með yfir 100 fyrirtæki innanborðs





## Fjöldi veitingastaða

Mikil fjölgun hefur verið á veitingahúsum, veitingastofum sem og greiðasölum vegna uppgangs ferðapjónustu. 101 Reykjavík er þar í aðalhlutverki



■ Fjöldi veitingahúsa, veitingastofa og greiðasala




# Eiginfjárstaða LMF hefur farið batnandi að jafnaði

Fasteignaviðskipti og landbúnaður og fiskveiðar binda mest eigin fé í rekstri LMF

Skilgreining: Fasteignaviðskipti taka til útleigu, kaupa og sölu, miðlun fasteigna o.fl.

Meðaltal eiginfjárstöðu eftir völdum bálkum atvinnugreina árin 2018 og 2021 – milljónir kr. (verðlag hvers árs)






## Eignastaða LMF hefur breyst lítið frá 2018 til 2021

Fyrirtækjabálgurinn fasteignaviðskipti er með hæstu eignastöðuna að meðaltali

Heildareignir að meðaltali eftir völdum bálgum atvinnugreina árin 2018 og 2021 – milljónir króna á verðlagi hvers árs







# Arðsemi LMF er hlutfallslega hæst í heilbrigðisþjónustu

Besta arðsemin var í heilbrigðis- og félagsþjónustu, þar eru tannlæknar og sérfræðilæknar áberandi

## Arðsemi eiginfjár LMF eftir atvinnugreinum, tíu stærstu LMF með eigin fé yfir 10 milljónir króna



## Arðsemi heildareigna LMF eftir atvinnugreinum, tíu stærstu LMF með heildareignir yfir 25 milljónir króna






# Hæsta arðsemin á árinu 2021 var hjá fyrirtækjum með 50 – 100 milljónir í veltu

Örfyrirtæki hafa lægstu arðsemina

## Arðsemi eiginfjár eftir stærð fyrirtækja – hagnaður/eigin fé (ROE)






## Skuldahlutföll hafa farið lækkandi


Hlutfall heildarskulda af heildareignum hefur farið lækkandi. Skuldauppgjör og -leiðréttingar ásamt endurútreikningi gengisbundinna lána höfðu mikil áhrif á lækkun skuldastöðu fyrirtækja

Skuldahlutfall allra LMF frá 2008 – 2021



ÍSAT - 2008

Skuldahlutfall valina atvinnugreina frá 2008 – 2021




ÍSAT - 2008



## Handbært fé eftir bálkum atvinnugreina

Staða fyrirtækja hefur farið batnandi ef litið er til handbærs fjár frá árinu 2018 til 2021. Meðaltal handbærs fjár í árslok 2021 meðal allra LMF var tæplega 7,5 millj. kr.

Handbært fé að meðaltali eftir völdum bálkum atvinnugreina árin 2018 og 2021 – milljónir kr. á verðlagi hvers árs






## Handbært fé fyrirtækja hefur vaxið að jafnaði frá árinu 2018

Að jafnaði nam handbært fyrirtækja með veltu á milli 250-500 millj. kr. rúmlega 23 millj. kr. í árslok 2021. Fyrirtæki með veltu frá 50-100 millj. kr. voru að jafnaði með rúmar 10 millj. kr. í handbært fé

Að nafnvirði hefur handbært fé LMF vaxið en dugir vart til rekstrar í marga mánuði ef áföll verða í rekstri








# Rekstrartekjur hafa farið hækkandi frá 2018 til 2021

Byggingariðnaður og fasteignaviðskipti eru stærstu atvinnugreinarnar innan LMF m.v. tekjur.

Hér er um að ræða bálfka fyrirtækja í gagnagrunni Skattsins sem hækkuðu um meira en 250 milljónir króna í rekstrartekjur milli árana 2018 og 2021

## Rekstrartekjur eftir völdum bálkum atvinnugreina árin 2018 og 2021 – milljarðar kr. á verðlagi hvers árs






# Hagnaður allra LMF sem hlutfall af veltu frá 2008 – 2021

Hagnaðarhlutfall allra LMF hefur batnað á árinu 2021

Hagnaðarhlutfall var mest árið 2011 og tók einnig við sér á árinu 2021






## Hagnaður sem hlutfall af veltu

Fasteignaviðskipti bera höfuð og herðar yfir aðrar atvinnugreinabálka LMF. Hækkun fasteignaverðs skýrir líklega hagnaðaraukninguna árið 2021

Hagnaður sem hlutfall af rekstrartekjum eftir völdum bálkum atvinnugreina árin 2018 og 2021 – milljarðar kr. á verðlagi  
hvers árs (ÍSAT 2008)






# LMF í heilbrigðisþjónustu juku tekjur sínar um tæp 40% að nafnvirði frá 2018 til 2021

Rekstrartekjur veitinga- og gististaða voru lægri á árinu 2021 en á árinu 2018 og skýrist það líklega af afleiðingum COVID-19 heimsfaraldursins

## Hlutfallsleg breyting í rekstrartekjum






## Hlutdeild launa hefur farið hækkandi


Hlutdeild launakostnaðar af rekstrargjöldum LMF hækkaði í 29,9% árið 2021 eftir að hafa gefið eftir í COVID-19. Launahlutfallið er í rekstri gististaða og veitingarekstri var 34,6%

Hlutdeild launa af rekstrargjöldum – öll LMF frá 2008-2021



ÍSAT - 2008

Hlutdeild launa – nokkrar atvinnugreinar




ÍSAT - 2008




## Fjöldi LMF sem verður gjaldþrota helst stöðugur

En hlutfallið hefur farið lækkandi. Frystingar lána ásamt COVID-19 aðgerðum stjórnvalda hafa e.t.v. frestað gjaldþrotaúrskurðum

Fjöldi fyrirtækja sem lýstu yfir gjaldþroti á ári hverju



Hlutfall fyrirtækja sem lýstu yfir gjaldþroti á ári hverju í þýði






# Flest fyrirtæki sem urðu gjaldþrota voru í byggingarstarfsemi


Hlutfallslega voru flest gjaldþrot í rekstri gististaða og veitingarekstrar

Fjöldi fyrirtækja sem lýstu yfir gjaldþroti 2009-2021



ÍSAT - 2008

Hlutfall fyrirtækja sem lýstu yfir gjaldþroti 2009-2021



ÍSAT - 2008



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja





# Nýsköpun





# Útflutningur hefur vaxið á ný eftir COVID-19

Útflutningsbálgurinn „Annað“ endurspeglar að hluta hugverkaiðnaðinn. Tekjur af erlendum ferðamönnum er stærsti útflutningsbálgurinn






# Hugverkaiðnaður í mikilli sókn

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman tölum um verðmætasköpun í íslenskum iðnaði

- Mikil áhersla hefur verið á hugverkaiðnað sem fjórðu stoðar útflutningstekna þjóðarbúsins. Samtök iðnaðarins (SI) áætla að verðmætasköpun innan þess geira hafi numið 264 milljörðum króna en það er nær tvöföldun frá árinu 2010 á föstu verðlagi.
- Hugverkaiðnaður er skilgreindur sem atvinnugreinar upplýsinga- og fjarskiptaiðnaðar, lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaðar ásamt öðrum hátækniíðnaði
- SI áætla að framlag greinarinnar hafi verið um 9% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2021.
- Aukið fjármagn hjá vísisjóðum hefur eflt hugverkaiðnaðinn.
- Hugverkaiðnaður er byggður fyrst og fremst á mannauði en ekki á náttúruauðlindum eins og hinar þrjár útflutningsstoðir hagkerfisins.
- Hinar þrjár stoðirnar eru sjávarútvegur sem takmarkast af aflamarki, stóriðja sem takmarkast af framboði raforku og ferðaþjónustu sem takmarkast að mörgu leyti af álagi á vinsæla áfangastaði.






## Hugverkaiðnaður er fjórða stoð hagkerfisins


Fyrirtæki hér til hliðar fengu tæplega 7,4 milljarða króna í rannsóknar- og þróunarstyrk. Listinn er ekki tæmandi

- Heimsfaraldurinn hefur leyst úr læðingi krafta fjórðu útflutningsstoðarinnar sem í daglegu tali er nefnd hugverkaiðnaður.
- Áherslur stjórnvalda og atvinnulífs eru í auknum mæli að beinast að hugverkaiðnaðnum.
- Í október 2019 birtu stjórnvöld nýsköpunarstefnu fyrir Ísland.
- Endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar voru hækkaðar og nemur hlutfall endurgreiðslu 35% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Stærri fyrirtæki geta sótt um 25% endurgreiðslu. Samtals námu þessar endurgreiðslur 10,9 milljörðum króna fyrir árið 2021. Heildarendurgreiðsla fyrir árið 2021 nam 11,6 milljörðum króna.
- Hámark skattafrádráttur getur því orðið 385.000.000 kr. hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og 275.000.000 kr. hjá stórum fyrirtækjum gjaldárin 2021 og 2022.
- Áætlað er að heildarútgjöld til rannsóknar- og þróunarstarfs á árinu 2020 hafi numið 72,7 milljörðum króna eða 2,47% af vergri landsframleiðslu (VLF).
- Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í nýsköpunarfyrirtækjum voru einnig rýmkaðar, sem endurspeglast í stofnun fjölda vísisjóða.
- Samtök iðnaðarins áætla að útflutningur hugverkaiðnaðarins hafi numið 158 milljörðum króna á árinu 2020 og að hann hafi tvöfaldast frá árinu 2013.






## Fyrirtæki hafa aukið framlög sitt til rannsóknar- og þróunar




Frá árinu 2018 til ársins 2020 hafa framlög til rannsóknar- og þróunar vaxið um 28% m.v. verðlag hvers árs





## Ísland hefur lagt mikla áherslu á rannsóknir og þróun

Ísland hefur aukið rannsóknir og þróun sem hlutdeild af vergri landsframleiðslu (VLF) úr 1,7% árið 2013 í 2,79% árið 2021. S-Kórea skarar framúr á þessu sviði





# Einkaleyfi á Íslandi

Einkaleyfi geta verið í fleirum en einum flokki

**Einkaleyfi í gildi**  
**Samtals 87 talsins**



Vélaverkfræði, 41, þ.a. aðrar sérhæfðar vélar 25

Efnafræði 30, þ.a. lyf 10

Tæki 19, þ.a. læknisfræðileg tækni 13

Önnur svið 13, þ.a. önnur neysluvara 10

Rafmagnsverkfræði 4, þ.a. raftæki, raforka 2



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Hringrásar- hagkerfið og LMF



# Hringrásarhagkerfið er komið til að vera

## Upphaf og þróun hugmynda um hringrásarhagkerfið


- Hugmyndin um hringrásarhagkerfið á sér rætur úr mörgum áttum. Líklega má rekja uppruna hugmyndarinnar til Kenneth Boulding (1966) sem ritaði grein um „Hagkerfi geimskipsins jarðar“. Þar sem endurframleiðsla færir fram á takmörkuðum birgðum af aðföngum (e. inputs) og endurvinnslu afurða (e. output).
- Þessar hugmyndir hafa þróast síðan bæði innan akademíunnar, meðal þeirra er marka stefnu til framtíðar, t.d. stjórnámálanna og síðast en ekki síst af viðskiptalífinu. Þessir aðilar viðurkenna í vaxandi mæli þörfina á nýju hagkerfi þar sem hráefni og orka frá förgun afurða sem og aukaafurða eru endurnýttar í hagkerfinu.
- Í raun má tala um lokaða auðlindahringrás þar sem hönnun vöru er með þeim hætti að mögulegt er að lengja líftíma vörunnar eða endurvinna hráefnin til annarrar framleiðslu. Viðgerðir eru þar ekki undanskildar.
- Meiri árangur myndi nást í loftslagsmálum ef fleiri atvinnugreinar myndu tileinka sér aðferðir og hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Þar með talin minni notkun frumauðlinda (e. primary resource), minni neikvæð ytri áhrif, eins og t.d. vegna heilsuspillandi mengunar.
- Stofnun Ellen MacArthur hefur metið það svo að ef aðferðafræði hringrásarhagkerfisins væri beitt á fimm lykilsvið (sement, ál, stál, plast og matvæli) þá væri mögulegt að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um sem jafngildir 9,3 milljörðum tonna af koltvísýringi árið 2050. Það jafngildir því að lækka núverandi losun frá öllum flutningum niður í núll.





## Hvernig er flæðið í hringrásarhagkerfinu?

Hringrásarhagkerfið og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna haldast í hendur





# Hringrásarhagkerfið felur í sér áskoranir og tækifæri

## Margar áskoranir fyrir LMF við innleiðingu hringráshagkerfisins

- Helstu áskoranir LMF við innleiðingu hringrásarhagkerfisins eru meðal annars þær að oft er erfitt að meta framtíðarávinning á grundvelli kostnaðar sem fellur til í dag. Fleiri álitamál eru til staðar.
- Hér má nefna umhverfismenningu fyrirtækisins, aðgangur að fjármagni og tækni, gerð aðfangakeðju ásamt hvaða hlutverk hið opinbera hefur í hringrásarhagkerfinu.
- Umhverfismenning fyrirtækisins.
  - Eru stjórnendur og starfsmenn opnir fyrir grænum lausnum og endurnýtingu aðfanga í rekstri.
- Skortur á fjármagni.
  - Umbreyting úr línulegri framleiðslu til hringrásar getur falið í sér dýrar umbreytingar í birgðastjórnun, dreifingu og framleiðslu. Þetta er oft flóknara og dýrara fyrir LMF að framkvæma en t.d. fyrir stórfyrirtæki.
  - Oft vantar veð hjá LMF til að framkvæma breytingar í átt að hringrásarhagkerfinu.
- Skortur á tækni og tæknikunnáttu.
  - Áskoranir við að breyta hefðbundnum línulegum framleiðsluferlum.
- Skortur á stuðningi frá kaupendum og birgjum.
  - Áskoranir fólgnar í því að sannfæra kaupendur sem og birgja um að breyta virðisikeðjunni.
- Hlutverk hins opinbera.
  - Regluverk og stuðningur.



## Hringrásarhagkerfið

Íslandsbanki býður LMF margar lausnir í lánamálum sem styðja við hringrásarhagkerfið og grænar fjárfestingar

- Íslensk stjórnvöld hafa ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að stefnumótun varðandi hringrásarhagkerfið en umhverfisauðlinda og loftslagsráðuneytið gaf út skýrslu undir heitinu *Í átt að hringrásarhagkerfi* árið 2021 og *Úr viðjum plastsins* árið 2020.
- Íslandsbanki hefur haft sjálfbærni að leiðarljósi í starfsemi sinni og var sjálfbærnistefna formlega tekin upp árið 2014. Bankinn hefur sett upp sérstakan ramma utan um þau lán og fjárfestingar í eignasafni sínu sem flokkast sem sjálfbær.
- Bankinn hefur boðið upp á græn lán sem og sparnað, þ.m.t. sjálfbær lán til fyrirtækja.
- Hlutdeild grænnar fjármögnunar hefur farið vaxandi í starfsemi bankans og þar með hefur bankinn lagt sitt lóð á vogarskálarnar í hringrásarhagkerfinu.
- Mörg íslensk fyrirtæki hafa ekki látið sitt eftir liggja í innleiðingu á hringrásarhagkerfinu.
- Nefna má nýleg dæmi eins og:
  - Landeldi þar úrgangur nýttur í áburð til landbúnaðar.
  - Endurvinnsla heyrúlluplasts.
  - Margir skyndibitastaðir hafa skipt út óumhverfisvænum umbúðum fyrir umbúðir úr plöntusterkju og trefjum.



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Skattaumhverfi LMF á Íslandi og í Evrópu



## Skattamál LMF

„...but in this world nothing can be said to be certain, except death and taxes“ – Benjamin Franklin

- Skattalöggjöf og framkvæmd hennar er ráðandi þáttur í efnahagslegri þróun. Gagnsæ og vel uppbyggð löggjöf sem er vel skiljanleg og sem er auðvelt að fara eftir leikur lykilhlutverk í hagþróun og aflar á sama tíma stjórnvöldum nægilegra tekna til að forgangsraða þeim verkefnum sem nauðsynleg teljast.
- Illa uppbyggð skattkerfi geta verið kostnaðarsöm, skekkt efnahagslega ákvarðanatöku og skaðað innlend hagkerfi.
- Flókið fyrirkomulag opinberra gjalda kemur hlutfallslega oftast niður á ör- og smáfyrirtækjum.
- COVID-19 heimsfaraldurinn gerði það að verkum að mörg lönd þurftu að taka upp tímabundnar breytingar á skattkerfi sínu. Mörg lönd standa frammi fyrir áskorunum í því samhengi hvernig best sé að skipuleggja skattkerfi sín til að stuðla að bæði efnahagsbata og til að afla tekna.
- Skattkerfi þurfa að uppfylla þau skilyrði að þau stuðli að samkeppnishæfi sem og hlutleysi.
  - Samkeppnishæfi þýðir að neikvæð áhrif jaðarskatta séu í lágmarki.
  - Ef skattar lands eru of háir þá leiðir það oft til þess að fjárfestingar leita annað en fjárfesting er ein forsenda efnahagsframþróunar og hagvaxtar. Minni fjárfesting kemur því á endanum niður á hagvexti og lífskjörum. Háir jaðarskattar geta einnig hindrað innlenda fjárfestingu og leitt til skattasniðgöngu.
- Hlutleysi tryggir að aflað er skatta án þess að leiða til mikillar röskunar á gangverki efnahagslífsins.
- Þegar horft er til fyrirtækjaskatta er Ísland í 16. sæti í samkeppnishæfni skattkerfa samkvæmt bandarísku hugveitunni – The Tax Foundation. Lettland er efst og Eistland í öðru sæti árið 2020. Þegar tekið er tillit til allra skatta trónir Eistland á toppnum.
- Almennt séð er skattkerfi Íslands vel skipulagt og Skatturinn er mjög framarlega þegar kemur að rafrænni stjórnsýslu.
- Ýmis gjöld og leyfisveitingar geta verið til trafala í rekstri LMF og oftast en ekki eru gjöldin hlutfallslega hærri á smærri fyrirtæki en þau sem stærri eru.



# Afstaða Framkvæmdastjórnar ESB til LMF


## Staðan í 27 löndum Evrópusambandsins (ESB)

- Lítil og meðalstór fyrirtæki, að undanþegnum fjármálageiranum, standa undir næstu öllum viðskiptum í löndum Evrópusambandsins (ESB-28) eða um 99,8%.
- ...tveimur þriðju hlutum starfa í ESB-28 (66,6%)
- ...og næstum þremur fimmtu hlutum (56,8%) af virðisaukandi framleiðslu (VLF) í hagkerfinu, f.u. fjármálafyrirtæki.
- ...því geta litlar endurbætur á regluumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja geta haft á mikil áhrif á efnahag Evrópusambandsríkja.
- Það sama á líklega við hér á landi.
- Áætlað er að fyrirtæki í þeim 28 löndum sem rannsókn ESB náði til muni eyða árlega samtals um 204 milljörðum evra til að uppfylla skuldbindingar sem tengjast tekjuskatti fyrirtækja, virðisaukaskatti, launatengd gjöld og annars, eigna- og fasteignagjöld ásamt útsvari.
- Umsýslukostnaður meðalfyrirtækisins við að uppfylla skyldur sínar hvað varðar opinber gjöld nemur um 1,9% af veltu þess eða að jafnaði €14 475
- Þó að stærri fyrirtæki beri jafnan hærri kostnað við að uppfylla skyldur sínar vegna álagningar opinberra aðila en þau smærri þá er hlutfallsleg byrði LMF við að fylgja skattareglum mun meiri en þeirra stærri.
- Þetta gæti bent til þess að eftirlitskostnaður sé, að minnsta kosti að hluta, fastur kostnaður og að stærri fyrirtæki njóti stærðarhagkvæmni við að takast á við skattaeftirlit og aðrar opinberar skuldbindingar.
- Einfölduð skattkerfi eru til staðar í nokkrum ESB löndum en ekki öllum.
- Hagaðilar líta jákvætt á slíkar úrlausnir á óhóflegum kostnaði vegna áhrifa skattskila og krafna til LMF í samanburði við stærri fyrirtæki.



# Almennur tekjuskattur fyrirtækja í völdum Evrópulöndum árið 2022

Tekjuskattur fyrirtækja er svipaður á Íslandi og í nágrennalöndunum. Sum lönd bjóða upp á sérstaka meðferð skattgreiðslna



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Staða kvenna í viðskiptalífinu






## Fleiri konur eru framkvæmdastjórar árið 2021 en áður

Miklar sveiflur meðal nýskráðra fyrirtækja en leitnin er uppá við

### Konur sem framkvæmdastjórar fyrirtækja – nýskráð sem og öll fyrirtæki







## Ungar konur fá fleiri tækifæri en áður

Almennt séð hefur staða kvenna sem stjórnenda í atvinnulífinu tekið miklum stakkaskiptum

Konur hafa aukið hlutdeild sína í stjórnunarstöðum



Konur í stjórnunarstöðum eftir aldursbilum 2008 og 2021



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



# Stuðnings- aðgerðir í COVID- 19 faraldrinum



## Aðgerðir vegna COVID-19

Fjölmörg úrræði voru í boði vegna COVID-19 en nú er komið að skuldadögum

- Fjármálakerfið var í sterkri stöðu þegar COVID-19 heimsfaraldurinn skall á.
  - COVID-19 heimsfaraldurinn kallaði á viðtækar efnahagsaðgerðir á heimsvísu, bæði af hendi stjórnvalda sem og seðlabanka heimsins. Seðlabankar studdu meðal annars við eignaverð með lækkun stýrivaxta og magnbundinni íhlutun (e. quantitative easing).
  - Stuðningsaðgerðir hins opinbera í COVID-19 heimsfaraldrinum studdu vel við atvinnulífið sérstaklega þær atvinnugreinar reiða sig á þjónustu og viðskipti við ferðamenn.
  - Samkvæmt nýlegri skýrslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins námu mótvægisáðgerðir stjórnvalda í heimsfaraldrinum um 450 milljörðum króna á árunum 2020–2022. Það samsvarar 4,5% af VLF.
  - Hér á landi voru aðgerðir í peningamálum með þeim hætti að
- Seðlabanki Íslands lækkaði meginvexti í upphafi ársins 2020. Bankinn lækkaði vexti enn frekar í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Krafa um sveiflujöfnunarauka var afnumin með yfirlýsingu þann 18. mars 2020. Bankinn tryggði lausafé í umferð ásamt því að gera ráðstafanir á gjaldeyrismarkaði.
- Í COVID-19 faraldrinum voru veitt stuðningslán fyrir 10,1 milljarð króna til 997 aðila. Eftirstöðvarnar námu um 7,8 milljörðum króna í árslok 2022.
  - Í ár þurfa þeir er hlutu stuðningslán með 85% ríkisábyrgð að hefja endurgreiðslur þeirra. Fjármálaráðherra hefur með reglugerð lengt í endurgreiðslutímanum um hálf t. ár. Lánstími stuðningslána getur verið allt að fimm og hálfu ári.



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja




# Blikur á lofti í hækkandi vaxtaumhverfi



## Meginvextir Seðlabanka Íslands hafa hækkað mikið


Seðlabanki Íslands hefur hækkað vexti á einu ári um 4,75% – mars 2022 til mars 2023





## Skuldir einkageirans jukust í byrjun COVID-19

Þróun skulda einkageirans – Hlutfall skulda einkageirans nam 157,3% af VLF í lok árs 2022. Hlutfallið lækkaði á árinu um 9,4% sem má rekja til hagvaxtarþróunar





## ...en það eru blikur á lofti

Erum í skugga bankakreppu í Bandaríkjunum og Sviss. Íslenska bankakerfið fór í gegnum víðtæka endurskipulagningu eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna árið 2008

- Óveðursský hafa hrannast upp í efnahagsmálum heimsins á síðastliðnu ári. Aðfangakeðjur urðu fyrir miklu hnjaski vegna heimsfaraldursins og verðbólga hefur farið vaxandi.
- Stríðsrekstur Rússa í Úkraínu og viðskiptaþvinganir vesturlanda gegn Rússlandi hafa haft í för með sér hækkandi orkuverð. Allir þessir þættir gerðu það að verkum að verðbólga hækkaði meira en hefur sést um árabíl. Seðlabankar heimsins hafa brugðist við með hækkun meginvaxta sinna og er Seðlabanki Íslands þar engin undantekning.
- Þrátt fyrir að hagur fyrirtækja á Íslandi sé nokkuð góður þá hafa óveðursskýin hlaðist upp. Fall bandaríska bankans Silicon Valley Bank hefur dregið dilk á eftir sér.
- Líklegt er að tími ódýrs fjármagns sé á enda í bili. Þó að verðbólga muni hjaðna er líklegt að fjármálaleg skilyrði verði þrengri. Efnahagsreikningur fyrirtækja þarf meiri athygli en oft áður.
- Við lifum ávallt á tímum óvissu og nú um stundir eru óvissuþættir fleiri og verkefnaáhætta meiri. Í slíkum aðstæðum er áætlanagerð enn mikilvægari og aukin óvissa og áhætta gerir það að verkum að vikiörk nýfjárfestinga geta breyst á skömmum tíma.
- Krafa um aukið eigin fé í verkefni gæti orðið algengari. Eiginfjárstaða fjölmargra fyrirtækja er með ágætum þrátt fyrir áföll í COVID-19 heimsfaraldrinum.
- Góðar og vandaðar viðskiptaáætlanir falla aldrei úr tísku. En nú þarf að setja upp fleiri sviðsmyndir en áður.
- Hér er um að ræða bæði ógn sem og tækifæri um að gera enn betur í rekstri LMF en áður.
- Vextir og fjármögnunarkjör hafa farið versnandi að undanförunum.



Efnahagslegt mikilvægi lítilla  
og meðalstórra fyrirtækja



Skýrsluhöfundar eru: Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur og Haraldur Jón Hannesson, hagfræðingur.  
Þakkir eru færðar til starfsfólks Íslandsbanka og til Páls Kolbeins, rekstrarhagfræðings hjá Skattinum.